


Alþingi  
Erindi nr. P 127/1917  
komudagur 15.4.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 og lögum nr. 45/1987 með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjómannaafslátturinn verði felldur niður í áföngum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að sjómannaafslátturinn sé í eðli sínu niðurgreiðsla á launum sjómanna og því opinber styrkur við útgerðina.

Vélstjórafélag Íslands er sammála því að sjómannaafslátturinn sé ekkert annað en opinber stuðningur við útgerðina sem í upphafi hefur orðið til með samkomulagi milli hins opinbera og samtaka útgerðarmanna um að þessi hluti launa vélstjóra greiðist af ríkissjóði.

Vélstjórafélag Íslands telur eðlilegt að útgerðin standi straum af öllum launum vélstjóra og telur að jafnskjött og tekist hefur samkomulag á milli stjórnvalda og LÍÚ um að útgerðin yfirtaki þennann þátt launanna eins og henni ber; að því tilskildu að vélstjórar fari skaðlausir frá borði.

Vélstjórafélag Íslands fagnar frumvarpinu ekki síst vegna þess að í gegnum tíðina hefur tilurð afsláttarins verið mistúlkuð á þann veg að hér sé um ríkisstyrk til vélstjóra að ræða sem er alrangt eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!